

Nd.
um útrýmingu minka.

45. Frumvarp til laga

[38. mál]

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Frá 1. janúar 1949 skal minkaeldi með öllu bannað í landinu, og skal öllum aliminkum lógað fyrir þann tíma.

2. gr.

Landbúnaðarráðuneytið skal hafa eftirlit með eyðingu minka samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til útrýmingar villiminka.

4. gr.

Skylt er hreppsnefndum á þeim svæðum, þar sem vart hefur orðið villiminka, að gera skýrslur um útbreiðslu þeirra og dvalarstaði, eftir því sem unnt er. Skýrslur þessar sendir hreppsnefnd hlutaðeigandi sýslumanni.

5. gr.

Sýslumaður ákveður, að fram fari að minnsta kosti tvisvar á ári, að vetrar- og vorlagi, allsherjar útrýming á þeim svæðum í lögsagnarumdæminu, þar sem villiminka hefur orðið vart.

Sýslumaður ákveður hverju sinni, hvenær útrýming skuli fram fara.

6. gr.

Hreppsnefnd sér um framkvæmd útrýmingarinnar eftir fyrirlagi sýslumanns.

7. gr.

Nú verður vart villiminka, eftir að allsherjar útrýming fór fram, og er hreppsnefnd þá skylt að ráða einn eða fleiri menn til útrýmingar dýrana.

8. gr.

Nú vinna menn villiminka, án þess að þeir hafi verið ráðnir til þess, og skulu þeir þá fá verðlaun úr ríkissjóði, allt að 60 kr. fyrir hvert dýr, sem unnið er, og hefur oddviti á hendi greiðslu verðlaunanna.

9. gr.

Skylt er mönnum að hlíta fyrir mælum hreppsnefndar um útrýmingu villiminka, enda fá þeir greiðslu úr ríkissjóði fyrir starfa sinn samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er landbúnaðarráðuneytið setur. Auk þeirrar greiðslu, er hér um ræðir, skulu menn þessir, þegar þeir vinna að útrýmingu á vegum hreppsnefndar, fá hálf verðlaun samkvæmt ákvæðum 8. greinar fyrir hvert dýr, sem þeir vinna.

10. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, svo sem hverra sannana beri að krefjast fyrir drápi villiminka, til þess að verðlaun skuli veitt.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, 200 til 5000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um þetta efni var flutt á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu.

Um ástæðurnar fyrir málinu vísast til greinargerðar þeirrar, er færð var fyrir málinu í fyrra (þingskjal 129).

Til viðbótar þeim ástæðum, er áður voru færðar, skal þess getið, að nú eru fengnar sannanir fyrir því, að villiminkur er kominn í Dalasýslu, Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu. Og í tveimur eyjum Breiðafjarðar varð hans vart í varplandinu í vor, er leið. Útlit er fyrir, að til auðnar horfi um helztu landsnyttjar, æðarvarp, silungs- og laxveiðinot í flestum ám og vötnum, ef ekki er hafizt nú þegar handa um útrýmingu þessa skaðræðisdýrs.

Frumvarp þetta er um ýmis framkvæmdaratriði allmiklu fyllra en áður var, og verður gerð grein fyrir því í framsögu.